



Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Reykjavík Crossfit Championship - tilv. R19120052***

Meðfylgjandi styrkumsókn Reykjavík Crossfit Championship var vísað til umsagnar ÍTR.

Reykjavík CrossFit var haldið í Laugardalshöll 2019 og styrkti Reykjavíkurborg viðburðinn með 9.0 mkr. vegna leigu á Laugardalshöll.

Nú er fyrirhugað að halda sambærilega keppni 2020 og leggja skipuleggjendur áherslu á að viðburðurinn fari fram í Laugardalshöll og sækja um 5.9 mkr. styrk vegna húsaleigu vegna Laugardalshallarinnar. Skipuleggjendur ráðgera að viðburður sem þessi geti orðið árlegur viðburður í Reykjavík en ekki liggur fyrir hvort nauðsyn verður á stuðningi borgarinnar í framtíðinni.

Viðræður eru í gangi um að þessi viðburður geti orðið hluti af Reykjavík International Games (RIG) og þyrfti þá ekki á styrk að halda.

Vegna ársins í ár er mælt með því að Reykjavík Crossfit fái 3.0 mkr. í styrk vegna leigu á Laugardalshöll.

Ómar Einarsson.

## Ómar Einarsson

---

**Frá:** Olof.Magnusdottir@reykjavik.is  
**Sent:** þriðjudagur, 14. janúar 2020 16:18  
**Til:** Ómar Einarsson; Helga Björnsdóttir  
**Efni:** Fw: Styrkumsókn - Reykjavík Crossfit Championship  
**Viðhengi:** ~max0007.TIF; 7. RCC-borgarrað.pdf

Tilvísun í mál: R19120052

Sæl

Meðfylgjandi styrkumsókn Reykjavík Crossfit Championship er send íþrótt- og tómstundasviði til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan þriggja vikna.

Kveðja,  
Ólöf Magnúsdóttir  
Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
s. 411 4703  
[olof.magnusdottir@reykjavik.is](mailto:olof.magnusdottir@reykjavik.is)

## Styrkumsókn

---

### **Styrkumsókn - Reykjavík Crossfit Championship**

Málsnúmer: R19120052

Númer skjals:

Skráð: 5. desember 2019

Eigandi skjals: Bjarni Þóroddsson

#### **Auðkenni**

Efnisflokkur skjals: Almenn

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Reykjavík Crossfit Championship

Nafn:

#### **Vinnsla**

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:



Reykjavík, 27. nóvember 2019

Til borgarráðs.

Fyrir hönd Reykjavik CrossFit Championship rita ég þetta bréf til borgarráðs.

Reykjavik CrossFit Championship er fyrsta alþjóðlega CrossFit-keppnin sem haldin hefur verið á Íslandi og var haldin í fyrsta sinn í Laugardalshöll dagana 3.- 5. maí sl. Mikill áhugi var fyrir keppninni og uppselt á viðburðinn.

Ég vil byrja á að þakka Reykjavíkurborg fyrir ómetanlegan stuðning við keppnina. Keppnin tókst vel og var sjónvarpað beint á RÚV, starfsfólk RÚV var ánægt með áhorfið og hefur mikinn áhuga á að vera með aftur á næsta ári. Einnig var sent út á facebook-síðu CrossFit Games, þar sem áhorfið er um 1.5 milljón áhorfenda. Umgjörð keppninnar var glæsileg sem skilaði sér vel, bæði í sjónvarpi og í upplifun áhorfenda á staðnum.

Sigurveggarar keppninnar tryggja sér þátttökurétt á heimsleikunum (The CrossFit Games) sem er úrslitakeppni þeirra allra bestu.

Fjöldi fólks kom til Íslands vegna keppninnar, keppendur, fjölmiðlafólk, samfélagsmiðlastjórnur og aðrir ferðamenn og sjá má á myndbirtingum að allir voru mjög ánægðir með dvölina í borginni og landinu.

Við væntum þess að það verði um 2000 erlendir ferðamenn sem geri sér sérstaklega ferð til Íslands til að vera viðstaddir keppnina. Þeim til viðbótar má gera ráð fyrir um 250 manns sem eru keppendur, þjálfarar og starfsfólk höfuðstöðva CrossFit. Samtals 2250 manns munu sækja okkur heim víðsvegar að úr heiminum.

**Hér eru léttir útreikningar á hagrænum áhrifum þessarar keppni:**

FERÐAMENN	FJÖLDI	MAGN	VERÐ	SAMTALA
Flug	2.250	2	40.000	90.000.000
Gistirými	1.000	5	100.000	100.000.000
Matur & drykkur	2.250	15	26.250	59.062.500
Bílaleigubílar	300	5	40.000	12.000.000
Bensín	300	1	10.000	3.000.000
Önnur útgjöld	2.250	1	12.500	28.125.000
<small>(Almenningssamgöngur, sundlaugar, söfn og tilfallandi kostnaðarliðir sem ekki tilheyra ofangreindum liðum.)</small>				
<b>SAMTALS</b>				<b>292.187.500</b>





Það er okkur kappsmál að halda keppnina áfram í Laugardalshöll í Reykjavík en ætlum að breyta umfanginu þannig að við þurfum einungis gömlu höllina og fundarherbergin en ekki frjálsíþróttahöllina eins og síðast. Það hentar einnig RÚV betur að hafa útsendinguna þaðan. Kostnaður við leigu er 5.883.552kr. með vsk og óskum við eftir því að borgarráð styrki keppnina a.m.k sem því nemur. Kostnaður við keppnina er mikill og getur styrkur frá borginni haft úrslitaáhrif á það hvort við náum að halda keppnina í Reykjavík eða þurfum að leita til annarra ódýrari staða.

Í von um jákvæð viðbrögð,

F.h. Reykjavik CrossFit Championship

Annie Mist Þórisssdóttir  
[annie@crossfitreykjavik.is](mailto:annie@crossfitreykjavik.is)  
GSM 6993151

